

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2008

Efni: umsögn um þingskjal 239 – 221. mál: Tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar þingsályktunartillögu um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson. Nefndin hlýtur að fagna hverri nýrri stöðu við Háskóla Íslands sem tengist íslensku máli, verndun þess og rækt við það. Vissulega er ískyggilegt hve enska sækir á sem kennslumál í íslenskum háskólum og hún er smám saman að verða það tungumál sem íslenskir vísindamenn nota fyrst og fremst í skrifum sínum. Ef fer sem horfir verður þess ekki langt að bíða að ekki verði unnt að ræða um vísindi og fræði á íslensku.

Íslensk málnefnd telur mikilvægt að tryggt verði að nýrri prófessorsstöðu fylgi fé og að íslenskuskor geti sjálf skilgreint hvernig staðan nýtist best í þágu þeirra markmiða sem henni eru ætluð.

Virðingarfylltst,
f. h. Íslenskrar málnefndar



Guðrún Kvaran
formaður